



**Umsögn frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma 14. nóvember 2023**  
**154. löggjafarþing 2023-2024.**  
**Þingskjal 57 – 57. mál.**

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu,  
nr. 36/1993 (dreifing ösku).**

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma vilja koma á framfæri afstöðu sinni um nauðsyn þess að lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36 frá 1993 verði endurskoðuð í heild sinni.

Í tengslum við tiltekið frumvarp viljum við koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í frumvarpi kemur fram í 1. gr. a. að búa eigi um ösku í þar til gerðum duftkerum úr forgengilegu efni. Í 1. gr. b. kemur jafnframt fram að virða beri ósk hins látna um hvar og hvernig ösku er dreift eða hún varðveitt sé ósk hins látna sú að askan sé ekki jarðsett. Að mati Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma mætti skýra nánar hvað felst í „forgengilegu efni“ og hvort munur eigi að vera á duftkerum eftir því hvort þau séu varðveitt, grafin eða ösku dreift.

Í 5. gr. reglugerðar um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu nr. 668/2007 er fjallað um brennslukistur. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma vilja benda á að gera mætti frekari kröfur um að efni í brennslukistum séu umhverfisvæn, til dæmis mega handföng vera úr plasti samkvæmt núverandi reglugerð.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma vilja benda á að bæta megi inn í 7. gr. laganna eða reglugerð að aðstandendur eða útfararþjónustur skuli vitja duftkera innan einhvers ákveðins tíma eftir brennslu.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma vilja einnig benda á að bæta megi ferli við bálfararbeiðni. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laganna ber þeim sem sér um framkvæmd líkbrennslu að afla vottorðs frá sýslumanni. Ferlið er þannig í dag að útfararþjónusta sendir undirritaða beiðni um líkbrennslu á bálstofu sem sendir beiðnina áfram á sýslumann til skoðunar. Ef allt er með felldu gefur sýslumaður út vottorð og þá getur brennsla farið fram. Bæta mætti ferlið þannig að útfararþjónustur geti sent inn undirritaða beiðni beint á sýslumann en þurfi ekki að fara í gegnum bálstofu.

Virðingarfyllt,

Ingvar Stefánsson  
Framkvæmdastjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma